Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Jón Leifs, Annie Leifs: Bréf 1932-1933

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Jón Leifs – Annie Leifs – Bréf

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-2, Örk 1

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

© Borgarskjalasafn Reykjavík

Rehbrücke, 21. nov. 1932.

Kæri Bjarni Benediktsson!

Hjartanlegar þakkir fyrir bréfin frá 12. f. m. og 3. þ. m. og sérstaklega fyrir að þér viljið taka að yður endurskoðandaembættið í félaginu. Þér getið víst altaf hitt gjaldkera félagsins Jón Kaldal á ljósmyndastofu hans Laugavegi 11 (talsími 811), en eg vona að embætti yðar verði mjög fyrirhafnarlítið; í einu tilfelli úrskurðið þér, ef stjórnin verður ekki sammála, en annars eigið þér sem lögfræðingur að vera trygging fyrir fólkið gegn því að enginn sukkuháttur ríki í fjármálum félagsins, sem víst engin hætta er á! — Nýlega kyntumst við Pétri bróður yðar í Kaupmannahöfn og þótti gaman að. Þið bræður eigið vafalaust eftir að verða Íslandi stoð.

© Borgarskjalasafn Reykjavík

Dagarnir í Höfn voru að ýmsu leyti skemtilegir, en Danir eru einkennilega „forundraðir“ út af því að Íslendingar „ganga fram hjá þeim“, eru að „trana sér“ í Svíþjóð, Þýzkalandi og Noregi, t. d. ófyrirgefanlegt að ég sem Íslendingur skuli ekki hafa stúderað í Danmörku! —

Við skulum muna eftir að senda yður blaðaúrklippur, ef þér hafið gaman af; hér er hið furðulegasta, hve mikill skörungur Hindenburg reynist í öllum vandamálum, þrátt fyrir elli. Annars kvað hann hafa persónulega óbeit á Hitler. —

Með beztu kveðjum frá okkur

Yðar

Jón Leifs.

© Borgarskjalasafn Reykjavík

Skrifa 12.10.32

REHBRÜCKE bei Potsdam.

Holtkestr. 9.

21. 6. 1932.

Kæri Bjarni Benediktsson!

Beztu þakkir fyrir bréf yðar frá í fyrradag og fyrirgefið, að eg svara strax, en eg hefi einmitt tíma í dag, en síðar og á næstunni ekki. - Þá þakka eg yður hjartanlega fyrir þátttökuna í útgáfufélaginu; það munar um hvern einstakan, sérstaklega svona í byrjun. Að sjálfsögðu er þetta þeim mun meiri fórn af yðar hálfu, er þér segist ekkert vit hafa á þessum málum o. s. frv. - Fyrrsta útgáfa félagsins er nú í prentun, orkestursforleikurinn "Minni Íslands" og fá félagarnir ókeypis vandaðri og tölusetta sérútgáfu, þ. e. fyrir ársgjaldið, en einfaldar útgáfur af verkinu koma til að kosta um þrisvar sinnum meira í lausasölu. - Vona eg að verkið komi svo á plötu og að menn, sem eru lítt fróðir í músik geti haft einhver not af að lesa verkið á pappírnum og hlusta á plötuna um leið; önnur leið er víst ekki fyrir Íslendinga.

Interessant er fréttin um Eggert, en greinin máske meinlausari, en í fljótu bragði virðist. Hjónin í Potsdam sögðu að þetta væri hjá Eggerti "natürliche Abwehr gegen Minderwertigkeits-Komplexe" og má það satt vera. Hinsvegar eru menn á Íslandi víst hættir að trúa neinu af því, sem sagt er eða skrifað um músik. - Þekkið þér annars nokkurn þarna á Austfjörðum? Eg spyr, af því að eg og við erum þar alókunnug og eg veit þar engan sem kynna að hafa einhvern áhuga fyrir útgáfufélaginu. —

Já, eg var að hugsa um að gera dr. Sigfús Blöndal að formanni fyrir erlendu deild félagsins, en hann virðist hræddur við alla "moderne" list, skrifaði mér líka um málverkin í Weimar o. s. frv., - svo að félagið getur engan stuðning haft af honum fyrst um sinn! Vitið þér ekki utanáskriftir einhverra manna í Höfn, sem kynnu að hafa interessu fyrir félaginu, þó að þér þekkið þá ekki persónulega? Við

© Borgarskjalasafn Reykjavík

værum yður mjög þakklát fyrir.

Farið þér nú til London? Ef þér viljið koma þar í P.E.N.-Club, þá skal eg láta yður hafa meðmælabréf til generalsecretary klúbbsins, sem eg þekki vel bréflega og er víst "elskulegasti" maður, en þér kynnuð að hafa gagn og gaman af að koma þarna. Látið mig bara vita. Eg gæti líka skrifað honum beint, þegar eg veit áritun yðar í London, svo að hann snúi sér til yðar að fyrra bragði. -

Hér er altalað, þó ekki standi í blöðum, að heimsófriður sé yfirvofandi gegn Rússlandi og Kína, öll stórveldin á móti þessum tveim ríkjum, til þess að drepa bolsevismann; - hefir jafnvel flogið fyrir að 300 þús. manns hafi þegar fengið atvinnu hjá Krupp við hergagnaiðnað. Maður veit ekki hvað satt er í þessu, en það lítur svo út sem sumir haldi að þetta verði leið Þýzkalands út úr ógöngunum og til samkomulags við fyrri fjandmenn. Hvernig lízt yður á? Haldið þér að þetta sé uppspuni einn?

Já, Jón í Stóradal virðist hafa reynst vel á þinginu; svo hafa menn skrifað mér að heiman; m. a. skrifaði Jóh. Jósefsson það líka, en óvíst hvort mikið betra tekur við. Hafa sjálfstæðismenn ekki meiri skörunga til ráðherra en Magn. Guðm.?- Ekkert gerði þingiðm í málum Bernarsmabandsins og laga um höf.-rétt; virðist mér það til stórskammar, eftir að málið hefir nú verið undirbúið undir 3 þing. Máske þér verðið maðurinn sem hjálpið til, þegar næsta þing situr? Við sendum yður öll okkar beztu kveðjur. Aftur beztu þakkir!

Yðar einl.

[signature]

Hver er áritun ísl. musikmanna í Dresden? - mundu þeir ekki vilja ganga í félagið eða geta það?

J. L.

Rehbrücke bei Potsdam, Moltkestr. 9.
16. 2. 1933.

Lieber Herr Bjarni Benediktsson!
Heute möchte ich Ihnen mal selbst für Ihre wiederholten Grüße an mich und die Kinder danken. — Ich finde es eigentlich schade, daß Sie jetzt schon in Reykjavík festsitzen. Hoffentlich werden Sie nicht allzubald der „ehrwürdige, zerstreute Professor." Ich wünsche Ihnen daß Sie häufig in's Ausland reisen können. — Übrigens ist es sehr nett von Ihnen daß Sie sich an der „Jón Leifs-Gesellschaft" auch mit Amt und Würden beteiligen.

© Borgarskjalasafn Reykjavík

Leider scheint sie in Island nicht sehr aktiv zu sein denn wir hören nichts darüber. Was halten Sie davon, wie kann man „Leben in die Bude" bringen? Sie sind doch ein klar-sehender objektiver Mensch. Jón hat ein Gesuch an's Alþing gerichtet, um „bäu" zur sofortigen Drucklegung seiner vorhandenen Manuskripte zu bekommen. Hier kann die Gesellschaft nur florieren wenn mehr da ist und die grossen Werke gehört werden. — Sie wissen ja wie es in Island ist; da reden die Künstler soviel, daß kein Mensch mehr was glaubt! Sie kennen uns doch soweit, daß Sie wissen daß wir uns sagen, was Hand und Fuß hat. Können Sie nicht in diesem Sinne mit ein paar Alþingismenn reden? Daß ich mich an Sie wende, kommt daher, weil ich Sie für zuverlässig und klug halte und Sie doch scheinbar parteipolitisch ungebunden sind. — Es wäre sehr nett mal von Ihnen zu hören.

Mit besten Grüßen von uns Allen,

Ihre

Annie Leifs.

© Borgarskjalasafn Reykjavík